

Föstudaginn 8. febrúar 1991.

Nr. 385/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Aðalsteini Brynjólfssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu og staðfestingar á sviptingu ökuréttinda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans varðandi ákæru á hendur ákærða fyrir akstur undir áhrifum áfengis og fyrir óvarlegan akstur, er leiddi til útafaksturs og veltu bifreiðarinnar R-77297 á Þorlákshafnarvegi á móts við Gerðakot. Er þetta atferli ákærða réttilega heimfært í héraðsdómi undir 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í ákæruskjali er ákærði einnig saksóttur fyrir að hafa ekið á allt að 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund greint sinn, án þess að þetta atferli sé þar sérstaklega heimfært til refsí-ákvæða. Þykir því rétt að láta við ofangreinda sakfellingu sitja.

Með hliðsjón af sakavottorði ákærða, sem rakið er í héraðsdómi, og með vísan til 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 25 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfisviptingu ákærða og um sakarkostnað. Jafnframt verður ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Aðalsteinn Brynjólfsson, sæti varðhaldi í 25 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfisviptingu ákærða og um sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Árnassýslu 6. september 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 6. september, er á dómþingi sakadóms Árnassýslu, sem háð er að Hörðuvöllum 1, Selfossi, af Þorgeiri Inga Njálssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 192/1990: Ákærvaldið gegn Aðalsteini Brynjólfssyni, sem dómtekið var 3. s.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 23. febrúar 1990, „á hendur Aðalsteini Brynjólfssyni, Bakka 2, Ölfushreppi, Árnassýslu, kennitala 061058-6999, fyrir að aka aðfaranótt föstudagsins 12. janúar 1990 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-77297 um vegi í Árnassýslu og austur Þorlákshafnarveg á mótis við Gerðakot með allt að 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund og svo óvarlega, að bifreiðin lenti út af veginum og valt.

Telst þetta varða við 1. mgr. 4. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

I.

Aðfaranótt föstudags 12. janúar 1990 um kl. 5.40 kom á lögreglustöðina á Selfossi Stefán Stefánsson, Heiðarbrún 32, Hveragerði. Kvaðst hann hafa ekið Þorlákshafnarveg skömmu áður og þá séð bifreið utan vegar og við hana einn mann. Hefði komið fram í viðræðum við mann þennan, að hann hefði ekið bifreiðinni og lent út af veginum. Hefði Stefán ekið manninum samkvæmt beiðni hans að Bakka í Ölfusi. Kvaðst Stefán hafa fundið mikla áfengislykt leggja frá honum, auk þess sem sér hefði virst sem hann væri undir áhrifum áfengis. Í frumskýrslu málsins segir, að lögreglumenn hafi farið að Bakka og haft tal af húsráðendum. Hafi þeim þar verið vísað á áður nefndan mann, ákærða í máli þessu, þar sem hann hafi legið í rúmi sínu. Hafi þeim virst sem hann væri undir verulegum áfengisáhrifum og frá honum hafi lagt sterkan áfengisþef. Hann hafi verið lítt viðræðuhæfur sökum ölvunarinnar. Á höfði hafi hann haft sár, sem blætt hafi úr, auk þess sem hann hafi kvartað undan sárum verkjum í rifjum. Var ákærði fluttur á heilsugæslustöðina á Selfossi. Var hann þar lagður inn til frekari

rannsóknar, auk þess sem honum var tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Reyndist blóðsýnið innihalda 1,54‰ alkóhóls.

Í framburðarskýrslu, sem tekin var af ákærða hjá lögreglu fimmtudaginn 8. febrúar 1990, segist ákærði hafa verið á leið frá Bjarnastöðum heim til sín að Bakka 2 um kl. 2.15 aðfaranótt umrædds föstudags. Hafi hann ekið bifreiðinni á 100 - 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund, þegar hann hafi ætlað að beygja sig í átt að segulbandi í bifreiðinni í þeim tilgangi að stilla það. Hafi hann þá tekið óvart í stýrið, svo að bifreiðin hafi lent úti í kantinum. Ákærði hafi þá nauðhemlað, og við það hafi bifreiðin stungist á endann og oltið. Kveðst ákærði hafa fengið högg á höfuðið og vankast við það. Síðan er eftirfarandi skráð eftir ákærða: „Þegar ég rankaði við mér, var ég allur stífur og stirður, og það fyrsta, sem kom upp í huga minn, var, að ég væri hryggbrotninn, og varð því hræddur. Ég sat í bílnum og varð fljótlega mjög kalt. Ég greip þá til áfengisflösku, sem í var Smirnoff-vodki, rúmlega hálf flaska. Ég drakk úr flöskunni það, sem í henni var. Fyrir óhappið hafði ég ekki neytt áfengis. Rétt fyrir kl. 5.00 kom þarna að maður á bíl, sem ók með mig heim...“

Vitnið Stefán Stefánsson, Heiðarbrún 32, Hveragerði, gaf skýrslu hjá lögreglu þann 22. janúar 1990 og kom fyrir dóm 23. ágúst sl. Í skýrslu sinni hjá lögreglu kveðst vitnið hafa verið á leið frá Hveragerði til Þorlákshafnar umrædda nótt. Rétt á móts við sumarbústað í landi Hjallakröks í Ölfusi hafi það komið að bifreiðinni R-77297 utan vegar. Kveðst vitnið hafa stöðvað (sic) og talað við mann, sem setið hafi í bifreiðinni. Maðurinn hafi virst ölvaður. Kveðst vitninu hafa tekist að opna bifreiðina og hjálpa manninum út úr henni. Tók vitnið það sérstaklega fram, að maðurinn hefði setið undir stýri. Fyrir dómi kvaðst vitnið hafa þurft að taka ákærða út úr bifreiðinni farþega megin, þar sem hún hefði legið þétt upp að staur bílstjóra megin. Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa séð áfengisflösku inni í bifreið ákærða í umrætt sinn, það hefði þó svipast talsvert um inni í bifreiðinni, þá er það aðstoðaði ákærða við að komast út úr henni.

Fyrir dómi staðfesti vitnið framangreinda skýrslu sína hjá lögreglu.

Vitnið Þórey Stefanía Sigurðardóttir, Bjarnastöðum, Ölfusi, gaf skýrslu hjá lögreglu 12. janúar 1990 og kom fyrir dóm 23. ágúst sl. Fyrir dómi sagði vitnið svo frá, að ákærði hefði komið að Bjarnastöðum að kvöldi fimmtudagsins 11. janúar 1990. Hefðu hann og Gunnar Hjaltason, sem þar býr, gert við bifreið ákærða og hafið neyslu áfengis að því loknu. Það hefði þó verið í litlu magni, á að giska 1 glas á mann. Frá Bjarnastöðum hefðu þeir síðan haldið að Gerðakoti. Þaðan hefði ákærði hringt í vitnið, og kvaðst vitnið þá hafa merkt á tali ákærða, að hann væri orðinn ölvaður. Um nóttina, kl. 2, hefði ákærði síðan komið að Bjarnastöðum, og kvaðst vitnið þá hafa merkt á honum greinileg ölvunareinkenni. Hann hefði verið

valtur í göngulagi, áfengisþef hefði lagt frá vitum hans, og hann hefði verið þvöglumæltur. Hefði ákærði stoppað (sic) í u.þ.b. 10 mínútur að Bjarnastöðum, en þá ekið á brott á bifreið sinni. Fyrir dómi staðfesti vitnið skýrslu sína hjá lögreglu með þeirri breytingu, að ákærði hefði komið að Bjarnastöðum um kl. 2 aðfaranótt umrædds föstudags, en ekki á milli kl. 2.30 og 3.00, eins og segir í skýrslunni.

Vitnið Gunnar Hjaltason, Bjarnastöðum, Ölfusi, gaf skýrslu hjá lögreglu þann 12. janúar 1990 og kom fyrir dóm 23. ágúst sl. Fyrir dómi sagði vitnið svo frá, að það hefði farið ásamt ákærða að Gerðakoti að kvöldi fimmtudagsins 11. janúar sl. í bifreið ákærða. Þeir hefðu þá verið búnir að drekka úr u.þ.b. hálfum pela af áfengisblöndu. Að Gerðakoti hefðu þeir síðan neytt áfengis ásamt Sigurði Hermannssyni. Kvaðst vitnið hafa séð ákærða neyta áfengis og merkt á honum ölvunareinkenni. Einhvern tíma um nóttina hefði þeim sinnast, Sigurði og ákærða, og hefði ákærði þá farið. Kvaðst vitnið hins vegar ekki hafa veitt því athygli, hvort ákærði hefði farið á bifreið sinni, en það hefði þó tekið eftir því síðar um nóttina, að bifreið ákærða var horfin.

Vitnið Sigurður Hermannsson, Gerðakoti, Ölfusi, kom fyrir dóm þann 23. ágúst sl. Kannaðist vitnið við það, að ákærði hefði komið að Gerðakoti ásamt Gunnari Hjaltasyni að kvöldi fimmtudagsins 11. janúar 1990. Þeir hefðu haft meðferðis vínflösku og drukkið úr henni. Síðar um kvöldið hefði síðan vantað vín, og hefði þá maður, sem verið hefði gestkomandi hjá vitninu, ekið ákærða, Gunnari og vitninu til Hveragerðis, þar sem náð hefði verið í meira áfengi. Þaðan hefði síðan verið haldið að Gerðakoti að nýju og áfengisneyslu haldið áfram þar. Einhvern tíma um nóttina hefði ákærði viljað fara heim til sín á bifreið sinni. Hann hefði þá verið orðinn ölvaður, enda búinn að neyta áfengis fyrr um kvöldið og nóttina. Kvaðst vitnið hafa reynt að koma í veg fyrir akstur ákærða, en það hefði ekki tekist.

Þegar ákærði kom fyrir dóm 23. ágúst sl., var framburður hans mjög á sama veg og hjá lögreglu þann 8. febrúar 1990, en sá framburður hans hefur verið rakinn hér að framan. Viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni R-77297 í umrætt sinn með allt að 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund á vegarkafli austan við Gerðakot með þeim afleiðingum, að hún hefði endastungist og oltið út af veginum. Hélt ákærði fast við fyrri framburð sinn þess efnis, að hann hefði ekki neytt áfengis fyrr en eftir, að akstri lauk. Þá hefði hann gripið til áfengisflösku, sem verið hefði í bifreiðinni, nánar tiltekið í hólfi undir farþegasæti. Hefði hann drukkið allt, sem í flöskunni var. Um hefði verið að ræða Smirnoff-vodka, 50% að alkóhólmagni, lítraflösku, og hefði hann drukkið það, sem á flöskunni var, $\frac{3}{4}$ hluta hennar. Flaskan hefði orðið eftir í bifreiðinni.

II.

Framburður ákærða þess efnis, að hann hafi ekki neytt áfengis fyrr en eftir, að akstri hans lauk í umrætt sinn, samræmist ekki skýrslum vitnanna Gunnars Hjaltasonar, Þóreyjar Stefaníu Sigurðardóttur og Sigurðar Hermannssonar, sem raktar eru hér að framan. Þá hefur vitnið Stefán Stefánsson borið, að það hafi ekki orðið vart við áfengisflösku inni í bifreið ákærða, þá er vitnið aðstoðaði ákærða við að komast út úr henni. Þó hafi það litast talsvert um inni í bifreiðinni.

Þegar framangreint er virt, þykir framburður ákærða, að því er áfengisneyslu hans varðar, ekki marktækur. Þykir ekki varhugavert að telja nægilega sannað með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, skýrslum vitna og öðrum sakargögnum, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali, og að leggja megi niðurstöðu alkóhólrannsóknar til grundvallar refsingu og öðrum viðurlögum í máli þessu. Varðar háttsemin þannig efnislega við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

III.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum svo sem hér greinir:

1974 11/11 í Reykjavík. Dómur: 15.000 kr. sekt f. brot g. 25., 27. og 53. gr. umfl. Sv. ökul. 12 mån. frá 11.11.74.

1984 7/12 í Árnessýslu. Sátt: 2.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 48. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 49. gr. umfl.

1987 30/11 í Árnessýslu. Sátt: 20.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. í 12 mån. frá 30.11.87.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, hæfilega ákveðin 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með vísan til 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 3 ár frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur. Fjárhæð málsvarnarlauna er hér tilgreind án virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Aðalsteinn Brynjólfsson, greiði 40.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 15 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 3 ár frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.
